

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-35/2026

Reykjavík, 18. febrúar 2026

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um áform um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vísa til erindis fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 9. febrúar sl., þar sem LL var boðið að taka þátt í samráði um mál nr. S-35/2026, *Áform um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða)*.

LL fagna áformum fjármála- og efnahagsráðuneytisins enda löngu tímabært að endurskoða lagaumgjörð lífeyrissjóða með það að markmiði að draga úr vægi magnbundinna takmarkana. Við slíka endurskoðun öðlast svonefnd skynsemissregla (e. prudent person principle) aukið vægi sem getur skilað sér í betri eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða.

Ráðuneytið boðar að samhliða breytingum á magnbundnum takmörkunum verði gerðar breytingar á kröfum til reksturs, innra eftirlits og innri endurskoðunar lífeyrissjóða. Ein af boðuðum breytingum snýr að tryggingastærðfræðingum lífeyrissjóða.

Hlutverk tryggingastærðfræðinga er afar mikilvægt fyrir lífeyrissjóði og því brýnt að undirbúa vel allar breytingar sem gerðar eru á starfsumhverfi þeirra. Að mati LL er vandséð að fyrirhugaðar breytingar á magnbundnum takmörkunum kalli á samhliða breytingar á ákvæðum laganna um tryggingastærðfræðinga.

LL ítreka stuðning sinn við það markmið frumvarpsins að minnka áherslu á magnbundnar takmarkanir og eru reiðubúin til að vera ráðuneytinu innan handar við útfærslu frumvarpsins ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri